

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Akureyri, 11. mars 2022
UST202202-218/S.K.
06.04.08

Efni: Fyrirspurn - leiðbeiningar um hávaðamælingar við skotvelli

Vísað er til erindis Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER), dags. 17.2.2022, þar sem óskað er eftir leiðbeiningum frá Umhverfisstofnun um val á aðferðafærði við hljóðmælingar vegna starfsemi skotvalla þar sem ekki að finna viðmið fyrir slíka starfsemi í íslensku regluverki.

Tveir skotvelli hafa verið starfræktir í Álfsnesi, á svæði heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Í gengum árin hafa borist mikið af kvörtunum vegna hávaða frá starfseminni. Árið 2021 voru auglýstar tillögur að nýjum starfsleyfum fyrir báða vellina og bárust athugasemdir við báðar tillögurnar er vörðuðu hávaða frá starfseminni. Í þeim var m.a. vitnað í hljóðmælingar sem íbúar hafa látið framkvæma sem byggja á sænskum leiðbeiningum um hljóðmælingar frá skotvöllum. Gagnrýnt hefur verið, í andmælum við tillögur að starfsleyfum, að HER hafi ekki notast við hljóðmælingar sem eru sérstaklega gerðar fyrir skotvelli. HER hefur bent á að ekki sé fjallað um sérstök viðmið fyrir hljóðamælingar frá skotvöllum í íslenskum lögum og reglugerðum né sé fjallað sérstaklega um þau í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um hljóðmælingar.

Engin starfsemi er á skotvöllum í dag þar sem útgefin starfsleyfi frá 2021 voru kærð til úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála sem felldi þau úr gildi, á grundvelli skipulags á svæðinu. Í úrskurðinum er ekki tekin afstaða til hljóðmælinga. Tekið hefur gildi nýtt aðalskipulag fyrir Reykjavík og á grundvelli þess hefur HER borist umsókn um nýtt starfsleyfi fyrir annan skotvöllinn.

Samkvæmt 11. gr. reglugerð 724/2008 um hávaða skal Umhverfisstofnun í samstarfi við önnur stjórnvöld gefa út leiðbeiningar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits. Umhverfisstofnun telur rétt að HER noti sænskar leiðbeiningar fyrri hljóðmælingar frá skotvöllum við eftirlit, þ.e. *Allmänna råd om buller från skjutbanor* sem gefnar eru út af *Naturvårdsverket*.

Virðingarfyllst,

Steinunn Karlsdóttir
sérfræðingur

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Athugasemd Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER): Að ígrunduðu máli og að höfðu samráði við lögfræðinga telur HER að ekki sé hægt að byggja kröfur í starfsleyfi á tilvísuðum sænskum leiðbeiningum þar sem ekki er stöð í íslenskum lögum eða reglugerðum fyrir notkun þeirra.